

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að óheimilt verði að leggja í Öldugötu í vesturátt, frá Öldugötu 18 að Öldugötu 26.
2. Að óheimilt verði að leggja í Öldugötu í austurátt, frá Hrannarstíg að Öldugötu 19.
3. Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sæmundargötu milli Eggertsgötu og Sturlugötu.
4. Að eftirfarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir:
  - a. Tvær þveranir yfir Víkurveg, sunnan og norðan nýs hringtorgs við Borgaveg.
  - b. Þverun yfir Borgaveg, vestan nýs hringtorgs við Víkurveg.
  - c. Þverun yfir Fossaleyni, austan nýs hringtorgs við Víkurveg.
5. Að heimilt verði að aka í báðar áttir um Mjölnisholt.
6. Að Mjölnisholt verði merkt sem vistgata.
7. Að Stakkholt 12-14 verði merkt sem vistgata.
8. Að eitt bifreiðastæði á mótis við Mjölnisholt 8 verði merkt sem bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða.
9. Að gönguþverun yfir Háaleitisbraut, á mótis við Álmgærði, verði merkt sem gangbraut.

Ofangreindar ákvarðanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofa stjórnsýslu- og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 2. júní 2023.*

**Jóhanna Guðjónsdóttir** lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 16. júní 2023